

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb. _____
30 JULI 2009
54.6
Tilv.



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 29. júlí 2009
Tilvísun: UST20090700066/6aj

Hálendismiðstöð í Laugafelli, Eyjafjarðarsveit. Tilkynning um matsskyldu

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 9. júlí sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um matsskyldu ofangreindrar framkvæmdar.

Í tilkynningunni kemur fram að Ferðafélag Akureyrar hefur tilkynnt um áform um uppbyggingu hálendismiðstöðvar í Laugafelli, Eyjafjarðarsveit. Á svæðinu eru nú fimm byggingar sem byggðar hafa verið á árunum 1948-1989. Í þremur þessara bygginga er gistið fyrir gesti svæðisins, ein byggingin hýsir skálavörð (Petubæli) og auk þess er þar staðsettur geymsluskúr sem gert er ráð fyrir að verði fjarlægður. Fyrirhugaðar framkvæmdir felast í byggingu nýs afgreiðslu- og skálavarðarhúss og tveggja annarra húsa síðar. Núverandi skálavarðarhús (Petubæli) verður því fjarlægt þegar afgreiðslu- og skálavarðarhús rís. Því mun að lokum standa eftir sex hús á svæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á umrætt svæði er hvorki friðlýst né er það á náttúrumínjaskrá, en á svæðinu er heit laug sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Í svæðisskipulagi Miðhálendis Íslands til 2015 kemur fram að svæðið Laugafell er skilgreint sem hálendismiðstöð „*Laugafell. Eyjafjarðarsveit. Ferðabjónustumiðstöð á hálendinu sunnan Eyjafjarðardala. Heitar laugar.* Á svæðinu eru 5 mannvirkir. *Laugafell er á krossgötum milli landshluta*“. Samkvæmt skilgreiningu í svæðisskipulaginu þá eru hálendismiðstöðvar þjónustumiðstöðvar við aðalfjallvegi hálendisins. Starfsemi miðstöðvanna tengist alhliða ferðamennsku. Gisting er í ríkaræ mæli í húsum en á tjaldsvæðum. Gerðar eru sömu kröfur varðandi meðferð frárennslis og sorps og á jaðarmiðstöðvum.


Í svæðisskipulagi Miðhálendisins er Laugafell ásamt gróðursvæði sem fylgir drögum Austari-Jökulsár í Skagafirði að Laugafelli skilgreint sem náttúruverndarsvæði. Í svæðisskipulaginu fela verndarsvæðin í sér alhliða vernerargildi sem tekur til náttúrumínja, þjóðminja og mikilvægustu lindasvæða. Ennfremur svæði með mikið útivistargildi. Við Laugafell eru búsetuminjar.

Umhverfisstofnunar bendir á að þó svo að Laugafell sé eins og áðan segir hvorki á friðlýstu

svæði né á svæði sem er á náttúruminjaskrá þá er hér um að ræða sérstaka gróðurvin í annars lítt grónu og einsleitu umhverfi, en á svæðinu hafa fundist 142 tegundir háplantna. Þar er einnig, eins og nafngift staðarins gefur til kynna, að finna heitar uppsprettur. Að mati Umhverfisstofnun er hér um að ræða framkvæmdir sem ekki eru til þess fallnar að hafa veruleg áhrif á verndargildi svæðisins eða upplifun ferðamanna, enda munu framkvæmdir hvorki skerða að verulegu leiti gróðurlendi né umræddar uppsprettur. Í ljósi þessa er það mat Umhverfisstofnunar að það séu ekki líkur á að umrædd framkvæmd komi til með að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Umhverfisstofnun bendir þó á að leggja þurfi áherslu á vandaðan frágang mannvirkja og fella þau eins og kostur er að svæðinu.

Virðingarfyllst

Ólafur A Jónsson



Gunnlaug H. Einarsson

Gunnlaug H Einarsson